

**BORGARRÁÐ 12. janúar 2023: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fjarfundi sem meginreglu - MSS23010119**

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að fjarfundir verði meginreglan þegar kemur að fundum fjarri vinnustað sem starfsmenn og embættismenn Reykjavíkurborgar (allra sviða) þurfa að sækja. Hér er sérstaklega átt við fundi erlendis, fundi út á landsbyggðinni og einnig aðra fundi innan borgarinnar eftir atvikum. Með þessu fyrirkomulagi er dregið verulega úr útblæstri og kostnaði. Kolefnisspor munu minnka og tími sparast sem ella fer í ferðir. Nú þegar er fordæmi fyrir þessu t.d. hjá ráðuneyti umhverfismála. Flokkur fólksins hefur oft áður verið með tillögur um að draga úr ferðum erlendis ekki síst vegna kostnaðar og með því að gera fjarfundi að meginreglu sparast töluverðir fjármunir sem nú fara í ferðakostnað fyrir embættismenn og kjörna fulltrúa, sérstaklega borgarstjóra og hans föruneyti. Umhverfisráðherra hefur tekið þetta skref nú þegar í sínu ráðuneyti. Borgin á ekki að láta sitt eftir liggja enda tíðrætt um loftgæði.